

gerst brotlegur gegn 2. gr. þeirra og þar sem um ítrekað brot af hálfu kærða gegn þessum lögum er að ræða ákveðst refsingin 10,000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir svo og allur afli innanborðs í botnvörpunum vera upptækt og renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan löglegan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Þriðjudaginn 23. júní 1925.

Nr. 38/1924. **Sigfús Daníelsson f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

hreppsnefnd Grunnavíkurhrepps

(Pjetur Magnússon).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðarsýslu 26. jan. 1924: Hið umbeðna lögtak á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem skotið hefir verið til hæstarjettar, samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 12. júlí f. á, með stefnu útgefinni 23. s. m. og flutt er af hendi stefnda með gjafvörn og skipuðum málflutningsmanni, er það sannað, að látin hafa verið út úr fisktökuhúsi áfrýjanda í Grunnavíkurhreppi til fiskimanna þar í grendinni um 7 smálestir af salti á tímabilinu frá 25. sept. til 28. okt. 1922. Saltið, sem áfrýjandi átti, var látið út af manni, sem hafði kauplausa íbúð í húsinu. Var það síðar skrifað í reikning viðtakenda við verslun áfrýjanda á Hesteyri og síðan borgað með afla þeirra frá vertíðinni þá um haustið. Auk þess keypti áfrýjandi á þessu tímabili fisk af Grunnvíkingum fyrir rúmar 4000 kr.

Vegna verslunarviðskifta þessara var hreppsnefndinni í Grunnavíkurhreppi heimilt samkv. 1. gr. laga nr. 50/1919 að leggja útsvar á áfrýjanda þar í hreppi haustið 1922, og her því að staðfesta fógetarjettarúrskurðinn að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda í hæstarjetti, og er það ákveðið 60 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, Sigfús Danielsson f. h. Hinna sameinuðu íslensku verslana, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar, 60 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með brjefi dags. 25. sept. f. á. krefst oddviti Grunnavíkurhrepps, að tekið verði lögtaki hjá h/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir á Ísafirði aukaútsvar að upphæð kr. 290,00, er hreppsnefndin lagði á tjeða verslun eða útbú hennar á Hesteyri, fyrir fardagaárið 1922—23.

Hefir gerðarþoli neitað að greiða útsvarið fyrir þá sök að hann hafi enga atvinnu rekið í Grunnavíkurhreppi árið 1922. Að visu kveðst gerðarþoli hafa keypt fisk af Grunnvíkingum haustið 1922, en þau kaup hafi verið með þeim hætti að gerðarþoli sótti fiskinn til þeirra gegn leigu fyrir flutning hans til Ísafjarðar,

hafi hann svo keypt fiskinn hjer á Ísafirði og greitt andvirði hans hjer, sumpart með salti, er hann færði þeim og sumpart með úttekt. En til þess að hafa eftirlit með vigt og gæðum fisksins kveðst gjörðarþoli þó hafa orðið að hafa mann þar viðstaddan.

Samkvæmt skjölum málsins er það nægilega upplýst í málinu, að árin 1919—20 og 21 greiddi gjörðarþoli eða útbú hans á Hesteyri aukaútsvar til gjörðarbeiðanda fyrir atvinnurekstur, er var í því fölginn, að gjörðarþoli keypti fisk af Grunnvíkingum þar í hreppnum, og hafði hann í því skyni hús á Staðareyrum og mann þar við úthlutun á salti til fiskframleiðenda, og til þess að taka á móti fiski þeirra, er var vigtaður þar inn til gjörðarþola, með öðrum orðum keyptur þar, en fiskframleiðendur fengu andvirði hans að mestu leyti greitt í úttekt við Hesteyrarverslun.

Að því er frekast verður sjeð, virðist engin veruleg breyting hafa orðið á þessu árið 1922. Samkvæmt vottorði Friðbjörns Helgasonar, úthlutaði hann tæpum 7 tonnnum af salti til fiskframleiðenda í Grunnavíkurhreppi, á rúmum 4 vikum úr húsi gjörðarþola á Staðareyrum, haustið 1922 og samkvæmt vottorðum 6 fiskframleiðenda í Grunnavíkurhreppi, áttu þeir svofeld viðskifti við gjörðarþola umrætt haust, að bann ljæt taka móti fiski þeirra í húsið á Staðareyrum, meta hann þar og vigta inn til sín, fjekk þeim svo vigtarseðil, en úr því hafi fiskurinn verið kominn í vörslur gjörðarþola, á hans ábyrgð og hann ráðstafað honum að vild sinni, en andvirði hans greitt þeim sumpart með salti og sumpart í úttekt við Hesteyrarverslun líkt og fyrri árin; ennfremur hefir 7. fiskframleiðandinn átt við gjörðarþola að heimili sínu Dynjanda í Grunnavíkurhreppi umrætt haust.

Með því nú að vottorðum þessum hefir eigi verið mótmælt virðist það nægilega sannað, að gjörðarþoli hafi stundað þá atvinnu, að kaupa fisk í Grunnavíkurhreppi, um getið haust, líkt og að undanförunu og þar eð atvinnu þessa verður að telja arðsama, en ekkert framkomið í málinu af hálfu gjörðarþola um það, að atvinna þessi hafi eigi verið stunduð í fullar 4 vikur á gjaldárinu, enda bendir og vottorð Friðbjörns Helgasonar (rskj. 5) á, að svo hafi verið, lítur rjetturinn svo á, að umrætt aukaútsvar sje löglega lagt á gjörðarþola sbr. lög nr. 50, 28. nóv. 1919, 1. gr. 3. málsgrein.